



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessyni**



Öll veikjumst við einhvern tímann á lífsleiðinni. Sjúkdómar geta verið illvígir eða viðráðanlegir. Einatt mætum við velvild og skilningi þegar heilsubrestur verður. Samt er það svo að viðmót verður gjarnan annað þegar geðrænir kvillar eiga í hlut. Enn gætir þess um of að þeir þyki feimnismál, jafnvel dáðleysi.

Um árabíl hefur Kiwanishreyfingin vakið athygli á málefnum þeirra sem glíma við geðræna sjúkdóma. Einkunnarorðin „Gleymum ekki geðsjúkum“ eru flestum landsmönnum að góðu kunn. Með sölu á K-lyklinum hefur Kiwanisfélögum tekist að afla fjár til að efla geðvernd, eyða fordómum og leita lækninga.

Í ár vilja Kiwanisfélagar beina kröftum sínum að tveimur málefnum. Annars vegar hyggjast þeir styrkja BUGL, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala Íslands, enda brýnt að sinna vel þeim börnum og ungmönnum sem glíma við geðraskanir. Hins vegar er sjónum beint að nýjum samtökun, PIETA Ísland, sem bjóða úrræði fyrir einstaklinga í sjálfsvígshugleiðingum og þá sem stunda sjálfsskaða. Gildi forvarna á þessum vettvangi er ómetanlegt.

Við skulum hjálpa þeim sem þurfa aðstoð í erfiðleikum sínum og veikindum. Ég hvet alla til að taka Kiwanisfólki vel á K-daginn í ár, styðja gott málefni og bæta samfélag okkar.